

Stekkjaskóli



Stekkur til framtíðar

Að byggja upp lærdómssamfélag

í nýjum grunnskóla

Lokaskýrsla um þróunarverkefni 2021-2023

Verkefnisstjóri: Ingvar Sigurgeirsson

Stýrihópur: Hilmar Björgvinsson, Ástrós Rún Sigurðardóttir og Hildur Bjargmundsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins var að byggja upp lærdómssamfélag í nýjum grunnskóla á Selfossi, Stekkjaskóla, sem tók til starfa haustið 2021.

Lögð var áhersla á eftirfarandi grunnþætti: Að móta áherslur og gildi skólans. Stefnt var að því að þróa teymisvinnu og teymiskennslu (með áherslu á lýðræði, samvinnu og samábyrgð). Í umsókn sagði m.a.:

Mörg tækifæri felast í því þegar nýr grunnskóli er stofnaður. Engar hefðir og venjur eru fyrir hendi og ákveða þarf stefnu og áherslur skólans. Stuðst verður við skólastefnu Árborgar og skýrslu vinnuhóps sem vann að undirbúningi skólans.

Í þessari vegferð er mikilvægt að þróa öflugt lærdómssamfélag sem vinnur saman að þessu stóra verkefni og lærir hvert af öðru. Lærdómssamfélagið mun samanstanda af starfsmönnum skólans, nemendum, foreldrum, nærsamfélaginu og skólaþjónustu Árborgar. Jafnframt verður leitað til ýmissa fræðimanna innan og utan Árborgar.

Efnt var til samkeppni meðal starfsfólks um nafn á verkefnið og fékk það heitið *Stekkur til framtíðar*.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkefninu hefur verið stýrt af teymi sem í eru verkefnisstjóri og stjórnendur Stekkjaskóla (skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu). Stýrihópurinn hefur hist að jafnaði tvisvar á misseri, auk tölvusamskipta, fjarfunda og samskipta í síma.

Eftirfarandi leiðir voru farnar við framkvæmd verkefnisins:

1. Innleiðing teymiskennslu, eftirfylgni og mat.
2. Stofnun og starf þróunarteyma
3. Fræðsla
 - a. Gestafyrirlestrar
 - b. Þátttaka í ráðstefnum

- c. Heimsóknir í skóla
- d. Jafningjafræðsla
- e. Vikulegt fréttabréf

4. Innleiðingar-, mats- og uppgjörsfundir

Verkefnið hófst formlega á vinnudegi á Úlfljótsvatni í ágúst 2021 þar sem fjallað var um teymiskennslu (rannsóknir, sóknarfæri og áskoranir) og skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

1. Innleiðing teymiskennslu

Við ráðningu kennara að skólanum var þeim gerð grein fyrir því að ákveðið hefði verið að leggja teymiskennslu til grundvallar í starfi skólans. Haustið 2021 voru fyrstu teymin skipuð, ýmist árgangateymi eða blandaðra árganga. Haustið 2022 voru öll teymi skipuð tveimur eða fleiri kennurum. Einn árgangurinn var svo fámennur að ekki var hægt að skipa teymi. Mat stjórnenda og starfsmanna er að teymiskennslan hafi gengið vel, bæði hvað varðar verkaskiptingu, undirbúning og samvinnu.

2. Stofnun og starf þróunarteyma

Strax að hausti 2021 voru skipuð fjögur þróunarteymi, blandaðir hópar með þátttöku allra kennara skólans:

- Skapandi skólastarf – fjölbreyttir kennsluhættir
- Umhverfismál og útikennsla
- Jákvæður skólabragur
- Tækni og nýsköpun (snilliteymið)

Þetta fyrsta skólaár voru fjórir til fimm kennarar í hverju þróunarteymi. Verkefni þeirra var að leiða þróunarstarf á sínu sviði, fara yfir möguleika, kynna sér þróunarverkefni og setja fram tillögur um það sem sett yrði á oddinn í starfi skólans. Sett voru upp vinnusvæði fyrir teymin á sameiginlegu vefsvæði (Padlet) og hafa hóparnir notað þessi svæði til að halda gögnum og hugmyndum til haga og fyrir umræðu, ábendingar, hugmyndabanka og fundargerðir. Hægt er að nálgast vefsvæðin á þessari slóð: <https://padlet.com/ingvarsigurgeirsson/Stekkjaskoli>.

Í byrjun hittust teymin reglulega og réðu ráðum sínum, en snemma vetrar 2022 var ákveðið að hægja á starfinu vegna húsnæðisaðstæðna, en mjög dróst að hægt væri að taka

nýbyggingu skólans í notkun. Mikil þrengsli voru í bráðabirgðahúsnæðinu og kennsla þurfti m.a. að fara fram á göngum skólans. Skapaði þetta mikið álag sem m.a. kom niður á þróunarstarfinu.

Enda þótt verkefninu miðaði hægar en stefnt var að hefur mikil gróska verið í starfinu og margt af því undir merkjum þróunarverkefnisins. Hér verður gerð grein fyrir því helsta.

Skapandi skólastarf – fjölbreyttir kennsluhættir

Eftirfarandi viðfangsefni falla undir þennan lið:

Þemadagar, þemavinna, uppbot: Vorið 2022 var efnt til þemadaga þar sem þemað var umhverfismennt, sjálfbærni og tækni. Unnin voru fjölmörg skapandi verkefni inni og úti og aldurshópum blandað saman, sem reyndist mjög vel.

Dæmi um verkefni:

- Ratleikur: Farið var í ratleik sem reyndi á lausnaleit og samvinnu þátttakenda. Rusl var týnt í nágrenninu og það flokkað.
- Sköpun listaverks. Unnið var listaverk úr timbri. Lokaútkoman var fjölnota þrívíddarlistaverk.
- Nærumhverfið kannað. Farið var í gönguferðir sem enduðu með tónleikum á pallinum hjá tónmenntarkennara skólans þar sem spilað var á Ukulele.
- Listsköpun: Unnið var með efni sem skólanum var gefið og nemendur fengu m.a. að spreyta sig á að þæfa ull.
- Umhverfismennt: Nemendur gróðursettu fræ og skreyttu blómapotta, dósir sem nemendur og starfsmenn söfnuðu.
- Tækni og nýsköpun: Unnin voru verkefni um tæknikunnáttu og nýsköpun.

Í tilefni af degi gegn einelti þann 8. nóvember 2021 var unnið þemaverkefni um vináttu. En markmið dagsins er að efna til umræðu, fræðslu og viðburða til að vinna gegn einelti ásamt því að hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu.

Árshátíðir: Bæði árin hefur verið efnt til árshátíða þar sem áhersla hefur verið lögð á virka þátttöku nemenda í uppsetningu á leik- og söngleikjum, sem og stuttmyndagerð. Þetta

tengist markmiðum skólans um að skapandi skólastarf sé ein af meginstoðum skólans. Mikil áhersla hefur verið lögð á fjölbreytni og að nemendalýðræði tengist þessari vinnu.

Nemendur hafa tekið mikinn þátt í leikmynda- og textagerð og eins komu nokkrir nemendur fram og sungu og spiluðu á hljóðfæri. Áhersla hefur verið á þátttöku allra, hvort sem nemandi er í ákveðnu hlutverki, sviðsmaður eða í kór svo dæmi séu tekin.

Læsisfimman: Haustið 2022 voru Læsisfimman og Stærðfræðiþrennan innleidd í 3. og 4. bekk. Í 3. bekk voru báðar leiðirnar farnar með góðum árangri, en í 4. bekk var lögð áhersla á stærðfræðina. Áhugi er á að þróa þessa aðferð áfram, en einn af kennurum skólans, Ólöf Kristín Knappett, er sérfræðingur í þessum aðferðum og heldur m.a. úti Facebook-hóp um þetta efni, sjá hér: <https://www.facebook.com/groups/1022603607862293/>

Fjörfiskur: Í byrjun skólaárs var farið af stað með verkefni sem miðaðist við að tónmenntakennari færi inn í alla árganga með það fyrir augum að til yrði dagskrá sem nemendur síðan sýndu á sal fyrir alla í skólanum. Áhersla átti að vera á söng, framsögn, framkomu, leiklist og tjáningu. Einnig var markmiðið að tengja saman starfskrafta list- og verkgreinakennara ásamt umsjónarkennurum. Ýmsar aðstæður urðu til þess að verkefnið náði ekki að blómstra eins vel og vonir stóðu til. Áriðandi er að starfsfólk ræði framvindu og framtíð verkefnisins sem og önnur verkefni sem byggja á samstarfi list- og verkgreinateymis við árgangateymi.

Verkefni í anda STEAM: Unnið hefur verið með STEAM í 3. bekk þar sem nemendur skapa með segulkubbum, plúskubbum, vinna fjölbreytt listaverk og byggingar. Einnig hefur verið unnið með ýmsa hönnun sem fellur undir STEAM í 5. bekk þar sem nemendur þurfa að byggja brú úr ákveðnum efnivið.

Ýmis skapandi vinna: Sem dæmi um skapandi vinnu má nefna stafaföndur 1. bekkjar, ritun hjá 2. og 3. bekk, ýmis konar kynningar á verkefnum hjá 5. bekk svo sem kynningar á veggspjöldum eða spjaldtölvum. Nemendur í 4. bekk hafa unnið með framsögn og lestur og tóku þátt í Litlu upplestrarkeppninni.

Mat: Á uppgjörsfundi í maí var niðurstaða þróunarteymisins þessi:

Í fyrri fundargerðum var rætt um þemadaga og uppbrotsdaga sem hefur ekki orðið mikið úr. Við myndum vilja sjá þessa daga skipulagða á starfsdögum í upphafi

skólaárs og hvaða daga við viljum vinna með og þá hægt að nýta teymin í að halda utan um ákveðna uppbrotsdaga svo sem dag íslenskrar tungu, dag náttúrunnar, baráttudag gegn einelti o.s.frv. Með nýju skólahúsnæði sjáum við að það gangi vel upp að hafa þetta fyrirfram ákveðið. Eins sjáum við tækifæri í markvissum og skemmtilegum þemadögum vorið 2024 þar sem tilvalið er að öll teymin í Stekkur til framtíðar vinni saman.

Teymið leggur til að verkefni næsta teymis fyrir skapandi skólastarf verði að búa til yfirlit fyrir námsþætti í samfélags- og náttúrufræði fyrir alla árganga til að einfalda samþættingu námsgreina milli bekkjarkennara og list- og verkgreinakennara. Eins erum við spennt fyrir því að miðstig verði með meira val í smiðjum þannig að hægt sé að vinna meira með áhugasvið og styrkleika nemenda.

Það hefur því margt gott áunnist þrátt fyrir að ekki allt hafi verið framkvæmt eða fylgt eftir. Við höfum á góðu að byggja og verður spennandi að fylgja þessu eftir næsta haust.

Umhverfismál og útikennsla

Haustið 2021 var farið í margar vettvangsferðir þar sem umhverfið var kannað og mikið var um útiveru. Allir árgangar fóru í ferð í Alviðru, fræðslusetur Landverndar. Þar er boðið upp á útivist, skemmtun og fræðslu um náttúru og lífríki Íslands. Einnig var farið í fjöruferð á Stokkseyri og lífríkið þar skoðað. Veiðisafnið á Stokkseyri og Húsið á Eyrarbakka voru heimsótt. Á vordögum var farið í hjólaferðir og m.a. fóru allir í heimsókn á sveitabæ í nágrenninu og fengu að kynnast sveitastörfunum og dýrunum á bænum.

Útikennsla: Allir árgangar fara einu sinni í viku út í íþróttakennslu og hafa farið út í öllum veðrum í fjölbreytt verkefni tengd útivist. Verkefnið hefur gengið vel og verður haldið áfram með það. Skólaárið 2022-2023 var byrjað að kenna heimilisfræði þótt að húsnæðið væri ekki til staðar og var heimilisfræði því kennd úti að mestu leyti þar til flutt var í nýtt húsnæði. Við nýju heimilisfræðistofuna eru gróðurkassar sem nýtast vel til ræktunar og verður spennandi að fylgjast með því verkefni þróast. Í 1. bekk var festur tími í stundatöflu fyrir útivist og var farið út í göngur og leiki.

Á uppgjörsfundi þróunarteymisins í maí var ákveðið að eftirfarandi yrði sett á oddinn á næsta skólaári:

1. *Koma Grænfánaverkefninu af stað (umsókn til Landverndar).*
2. *Koma upp aðstöðu til forræktunar og nemendur fara síðan heim með afraksturinn og planta út heima. Þetta verkefni má hugsa sem vorverkefni umsjónarkennara til að létta undir þegar vorar og þreyta fer að gera vart við sig.*
3. *Moltugerð. Komið verði upp aðstöðu fyrir hana og þá mögulegt að nýta moldina sem frá henni kemur í forræktun.*
4. *Koma flokkunarmálum í fastan farveg.*
5. *Pappírsmál – í frjálstri teiknun verði t.d. notuð A5 blöð og ljósrit sem hafa misfarist (teikna á bakhlið). Útprintaðar myndir má prenta á A5. Nýta allt efni út í æsar.*

Jákvæður skólabragur

Á fyrsta starfsári Stekkjaskóla var leitast við að samræma vinnulag starfsmanna er sneri að skólabrag, viðbrögðum við agabrotum og vinnuaðferðum svo að sýn og gildi skólans um að öllum geti liðið hér vel verði að veruleika. Markmið okkar er að nemendur vaxi og dafni í skólasamfélagi sem þeim líður vel í. Eftir samvinnu starfsfólks og þátttöku í þróunarverkefni skólans á fyrsta starfsári hans, fundum við aðferð sem við töldum samræmast okkar gildum og hugmyndafræði að uppbyggingu að velferðarkennslu í Stekkjaskóla. Aðferðin nefnist Jákvæður agi (sjá nánar hér: <https://jakvaeduragi.is/>) og var ákveðið að innleiða þessa nálgun við upphaf annars starfsárs skólans. Jákvæður agi er uppeldis- og samskiptaaðferð sem byggir á gagnkvæmri virðingu og samstarfi. Þá er byggt á sjálfstjórnarkenningum, sem fela í sér að horft er á orsakir hegðunar fremur en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast. Jákvæður agi gengur út á að móta umhverfi í skólum, heimilum og vinnustöðum sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Í Jákvæðum aga er leitast við að kenna félagsfærni og lífsleikni með kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum.

Í vor sóttum við um styrk í Endurmenntunarsjóð Sambands íslenskra sveitarfélaga og fengum styrk að upphæð 625.000kr fyrir verkefnið. Styrkinn munum við nota í námskeið fyrir allt starfsfólk skólans á starfsdögum við upphaf skólaársins 2023-2024 og auk þess leggja áherslu

á stuðning við innleiðinguna. Skólastjórnendur hafa einnig lagt mikla áherslu á fræðslumola um Jákvæðan aga í fréttabréfum skólans sem koma út vikulega. Dyggðakennsla var innleidd eftir heimsókn okkar á Laugarvatn, en þar fengum við fræðslu um námsefni sem þar hefur verið notað ([Dyggðaspjöld](#)). Við höfum tekið fyrir og innleitt eina dyggð á viku, tíu samtals, síðustu vikur skólaársins.

Tækni og nýsköpun (snilliteymið)

Að mati þróunarteymsisins hefur verkefnið gengið vel í heild sinni. Teymið hefur verið að þróa sig áfram og læra af mistökum. Hér má sjá hluta af niðurstöðum teymsins þegar mat er lagt á starfið:

Með yngstu nemendum okkar höfum við verið að prófa okkur áfram með hin ýmsu smáforrit í spjaldtölvum, Osmo, Bee-bot og gagnvirka skjái (Prowise) og hefur það gengið vel. Það hefur gefist vel að vinna í hringekjum en í þeim höfum við nýtt námsleiki eins og Georg, Orðagull, Math games og Book Creator.

Í 2. og 3. bekk hefur mest áhersla verið lögð á Evelytes (<https://www.evelytes.com/home/is-IS/landing>) sem er stærðfræðinámsefni bæði á vef og í vinnubókum. Einnig hefur það verið nýtt í stoðþjónustu í 4. og 5. bekk. Mjög góð reynsla er af þessu efni. Nemendur dýpka stærðfræðikunnáttu sína með því að vinna áfram og dýpra með það sem hefur verið lagt inn í Sprota.

Varðandi næstu skref er áhugi á að reyna að kenna meira í gegnum leikinn. Meðal þess efnis sem við höfum áhuga á að nýta er Leikur að læra (<https://leikuradlaera.is/>). Einnig er áhugi á að fá aðgang að netnámskerfi eins og t.d. Seesaw og opna fyrir aðgang til foreldra. Það styður við foreldrasamstarfið og foreldrar eru betur inn í námi barna sinna. Að auki er það umhverfisvænt og því fylgir tímasparnaður. Að svo stöddu koma persónuverndarlög í veg fyrir að hægt sé að nýta Seesaw en vonandi verður fundin leið til að nýta þessi netnámskerfi.

3. Fræðsla

Frá upphafi hefur verið skipulögð regluleg fræðsla tengd markmiðum verkefnisins.

Hugmyndir hafa ýmist komið frá verkefnistjóra, stýrihópi eða þróunarteymunum.

Verkefnisstjóri hefur fjallað um innleiðingu teymiskennslu, eðli og mikilvægi þróunarverkefna og um fjölbreytt þróunarverkefni í öðrum skólum.

a. Gestafyrirlestrar

Eftirfarandi gestafyrirlestrar voru settir á dagskrá:

- 12. janúar 2022: Ásta Björk Agnarsdóttir og Elsa Sif Guðmundsdóttir, kennarar í Lindaskóla kynntu teymiskennslu skólans.
- 16. febrúar 2022: Hildur Heimisdóttir, kennari í Hlíðaskóla fjallaði um notkun gagnvirkra snjallskjáa og þá sérstaklega forritið Prowise Presenter sem notað er til að búa til gagnvirk verkefni.
- 23. febrúar 2022: Kristín Björk Jóhannsdóttir fjallaði um farsæld barna í skólastarfi, samþætta þjónustu og hvernig hægt er að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda.
- 14. september 2022: Ágúst Jakobsson hélt erindi um innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga.
- 23. nóvember 2022: Nanna María Elvarsdóttir, kennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi, miðlaði reynslu sinni af innleiðingu teymiskennslu og gaf hugmyndir um það sem vel hefði tekist. Einnig sagði hún frá reynslu Brekkubæjarskóla af innleiðingu nemendastýrðra foreldrasamtala.

b. Þátttaka í ráðstefnum

Meirihluti starfsfólks skólans sótti ráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin var í Stapaskóla í Reykjanesbæ 12. ágúst 2022. Þá sótti þriðjungur kennara ráðstefnuna *Utis online* sem haldin var 23.-24. september 2022 og allir kennarar skólans tóku þátt í haustþingi kennara á Suðurlandi 29. og 30. september 2022. Allt starfsfólk skólans tók þátt í Skóladegi Árborgar sem var haldinn í mars 2022.

c. Heimsóknir í skóla

- Allt starfsfólk skólans skoðaði Stapaskóla í tengslum við ráðstefnu sem þar var haldin 12. ágúst 2022.
- Allir starfsmenn skólans heimsóttu Bláskógaskóla á Laugarvatni á starfsdegi 18. ágúst 2022 og fengu þar kynningu á útinámi og dygðakennslu sem þróað hefur verið við skólann.
- List- og verkgreinakennarar skólans heimsóttu Húsaskóla í Reykjavík til að kynna sér framboð á valnámskeiðum á miðstigi þann 1. nóvember 2022. Jafnframt hafa þeir heimsótt Auðlindina sem er félagslegt virkniúrræði á Selfossi og Snillismiðjuna (FabLab) í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

d. Jafningjafræðsla

Skólaárið 2021-2022 héldum við innanhúsping um vorið sem við nefndum *Lærum, leikum og deilum*. Þar deildu kennarar hugmyndum sín á milli og sýndu dæmi um hvernig þeir höfðu nýtt sér ýmis verkfæri til að efla fjölbreytta og skapandi kennsluhætti.

Skólaárið 2022-2023 var þetta tekið skrefi lengra og skipulögð svokölluð *Örvera* (TeachMeet). Markmiðið var að kennarar segðu frá áhugaverðum verkefnum, kennsluaðferðum, uppbotum, tækjum eða tólum sem þeir hefðu verið að nota eða skoða. Miðað var við að allir kennarar skólans myndu á einhverjum tímapunkti leggja af mörkum með stuttum (fimm til sjö mínútna) kynningum sem yrðu hálfsmánaðarlega. Fyrsta Örveran var þriðjudaginn 20. september 2022 en síðan var reynt að halda þær hálfsmánaðarlega.

e. Fréttabréf

Í vikulok, í hverri viku, hafa stjórnendur tekið saman og sent starfsfólki fréttabréf, með fjölbreyttu efni. Má nefna fréttir, upplýsingar um viðburði, tilkynningar, ábendingar um námsefni, bækur, leikföng og námsspil, leiðbeiningar, minnisatriði, dagskrá framundan og þakkarorð. Eðli málsins samkvæmt þurfti skólaárið 2021-2022 að verja talsverðu rými í fréttabréfinu til að leiðbeina um atriði sem snertu sóttvarnir. Skólaárið 2022-2023 hefur verið sérstakur kafli í fréttabréfinu sem er tileinkaður Jákvæðum aga. Þá hafa teymi stundum gert grein fyrir starfi sínu. Í hverju fréttabréfi hefur verið sérstakur kafli, *Áhugaverðar slóðir*

og praktískar upplýsingar, þar sem bent hefur verið á ýmislegt nýtilegt efni; námsefni, vefsíður, hugmyndabanka, greinar um skólamál, leiðbeiningar, starfsþróunartækifæri, öpp og forrit.

Fréttabréf frá stjórnendum til foreldra hafa verið gefin út að jafnaði mánaðarlega en auk þeirra senda umsjónarkennarar út fréttabréf vikulega. Öll teymin vinna fréttabréfin sín í forritinu Sway.

4. Innleiðingar-, mats- og uppgjörsfundir

Á starfsdegi, 19. janúar 2022, var skerpt á framtíðarsýn skólans og eftirfarandi megináherslur í starfi skólans áréttáðar: Byggt verði á teymiskennslu og teymisvinnu, áhersla verði lögð á jákvæðan skólabrag, vináttu og virðingu auk fjölbreyttra kennsluhátta þar sem leitast verði við að koma til móts við getu og þarfir allra nemenda. Þá var áréttáð að nýsköpun og tækni yrðu í brennidepli, gagnvirkir skjáir nýttir markvisst í kennslunni og snillitímar skipulagðir með áherslu á notkun snjalltækja, forritun og nýsköpun. Skapandi skólastarf verði miðlægt í öllu starfi skólans; handverk og listir, tónlist, textílmennt, hönnun og smíði og myndmennt. Mikil áhersla verði lögð á gott samstarf heimilis og skóla. Lagður verði grunnur að öflugri umhverfismennt og stefnt að því að skólinn verði Grænfánaskóli. Loks má nefna áherslu á útiveru og hreyfingu utandyra.

Þá var fjallað um meginatriði við skipulag formlegra þróunarverkefna (skilgreind markmið og leiðir, formleg mat og miðlun niðurstaðna), þýðingu þeirra og vandann við að festa breytingar í sessi.

Vorið 2022 var efnt til umræðu í hópum þar sem eftirfarandi spurningar voru lagðar til grundvallar:

- Hvernig viljið þið þróa starfið næsta skólaár?
- Á hvað viljið þið leggja mesta áherslu?
- Hvað á að festa í sessi af þeim hugmyndum sem hafa verið ræddar?

Niðurstöður hópanna má sjá á þessari slóð:

https://padlet.com/ingvarsigurgeirsson/stekkur_til_framtidar

Um þetta leyti var tekin ákvörðun um að innleiða Jákvæðan aga, stíga ákveðin skref til að fylgja eftir umhverfisstefnu skólans (endurvinnsla, endurnýting), þróa útikennslu, snillismiðjur og að hagnýta upplýsingatækni í markvissum skrefum.

Á starfsdegi í ágúst 2022, sem haldin var á Laugarvatni 18. ágúst, var fjallað um dæmi um þróunarverkefni sem góðum árangri hafa skilað og rætt hvort starfsfólk sæi sóknarfæri í niðurstöðum þeirra. Þá voru hópumræður þar sem eftirfarandi spurningar voru ræddar:

- Hvað hefur einkennt starfið í Stekkjaskóla?
- Hvaða gildi finnst ykkur að hafi verið höfð í hávegum?
- Hvaða þætti / áherslur / gildi þarf enn að styrkja?
- Draumaskólinn ykkar?

Niðurstöður þessara umræðna má sjá á þessari slóð:

https://padlet.com/ingvarsigurgeirsson/stefnimotun_i_Stekkjaskola

Einnig var hugarflugsfundur um hugsanleg einkunnarorð skólans. Hugmyndir má sjá á þessari slóð: [Stekkur til framtíðar: Hugarflug um einkunnarorðin \(padlet.com\)](#)

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefninu hefur miðað í samræmi við áætlun, að öðru leyti en því að nokkrar tafir hafa orðið, af ýmsum ástæðum, einkum vegna Covid, en einnig vegna flutninga, sem og haustið 2022 vegna mikillar fjölgunar nemenda og starfsfólks. Því var farið fram á það við Sprotasjóð að verkefnið fengi lengri tíma og var á það fallist.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Sjá hér á undan um frávik miðað við áætlun. Til viðbótar má nefna að bráðabirgðahúsnæði sem átti að vera tilbúið í skólabyrjun 2021, þegar skólinn tók til starfa, var ekki tilbúið og þurfti að finna skólanum annan stað þar sem starfið þurfti að vera fram í nóvember. Af þessu varð nokkur röskun og tafir.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu

Ljóst er að verkefnið skilaði margháttuðum ávinningi. Þrátt fyrir gríðarlegt álag vegna bráðabirgðaaðstöðu, flutninga, covid og þrengsla hefur starfsandi lengst af verið góður og mikil gerjun og gróska í skólastarfinu. Fjölmargar hugmyndir hafa verið prófaðar og þróaðar eins og lýst hefur verið í þessari skýrslu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: - Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Þrátt fyrir margvíslegar hindranir er það mat stýrihópsins að verkefnið hafi skilað margháttuðum árangri. Teymiskennsla hefur verið innleidd og fjölmargar kennsluáðferðir prófaðar. Með verkefninu hefur verið lagður ákveðinn grunnur að framtíðar starfsháttum skólans. Auk teymiskennslu má nefna innleiðingu Jákvæðs aga, nýtingu upplýsingatækninnar, nýsköpun, skapandi starf og útinám. Nú þegar skólinn hefur fengið framtíðarhúsnæði, sem hannað er utan um teymiskennslu og sveigjanlegt starf, ættu að vera góðar forsendur til að þróa þessa starfshætti áfram.

Þá má nefna að í verkefninu hafa fæðst nýjar hugmyndir sem verða innleiddar á næstu misserum. Nefna má valnámskeið á miðstigi og nemendastýrð foreldrasamtöl. Hvort tveggja verður innleitt á næsta skólaári.

5. Niðurstöður verkefnisins

Teymiskennsla hefur verið lögð til grundvallar og í meginatriðum gengið vel. Við teljum einnig að starfshættir skólans beri mörg megineinkenni skóla sem lifandi lærdómssamfélags. Hægt er að setja jafnaðarmerki á milli teymiskennslu og hugmynda um lifandi lærdómssamfélag. Teymiskennsla byggist á stöðugri umræðu og sameiginlegri ígrundun. Til viðbótar má nefna jafningjafræðslu, vinnu þróunarteymanna og útgáfu lifandi og vikulegs fréttabréfs. Til að undirstrika að þessi markmið hafa náðst má vísa til þessarar fundargerðar snjallteymis frá því í desember 2021

Á miðvikudaginn var frábær fundur hjá snjallteyminu þar sem þær Jóhanna, Eyrún, Ástrós og Inga Lára deildu með okkur nýjungum í tækni. Við fengum

að prófa Seesaw, forritunarflugur (Bee-bot og Blue-bot) og lærðum enn meira á Prowise skjáina. Glærurnar og upplýsingarnar um Bee bot er að finna inn á Teams allir-fagteymi og nefndir-fagteymi-Snilliteymi. Á sama stað má sjá kynninguna frá Eyrúnu og Jóhönnu. Verum endilega dugleg að prófa okkur áfram og deila með öðrum um leið og við lærum (Úr Fréttabréfi 6.-10. desember 2021).

Framundan er áframhaldandi vinna við að móta gildi skólans í samstarfi við starfsfólk, nemendur og forráðamenn Stekkjaskóla.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið hefur þegar verið kynnt í skýrslunni [Stöðuskýrsla og framtíðarsýn fjölskyldusviðs Árborgar](#) og fyrir foreldrum. Þá er verkefnið kynnt í fræðslunefnd og fyrir gestum sem koma í skólann, en ætla má að heimsóknum fjölgi, nú þegar skólinn er kominn í varanlegt húsnæði.

9. júní 2023


Ingvar Sigurgeirsson verkefnisstjóri


Hilmar Björgvinsson skólastjóri Stekkjaskóla